Grunnskóli Hornafjarðar

Valhefti fyrir smiðjur 9. og 10. bekk

Veturinn 2024 - 2025

Þetta valhefti er fyrir nemendur sem verða í 9. og 10. bekk næsta vetur. Eftir því sem nemendur eldast er lögð áhersla á að auka val í samræmi við þroska þeirra og getu. Þannig gefst nemendum kostur á að dýpka skilning sinn á ákveðnum viðfangsefnum um leið og þeir efla ábyrgð sína á eigin námi. Þeir og foreldrar þeirra eru því beðnir að kynna sér vel innihald bæklingsins.

Í 10. bekk geta nemendur ekki einungis valið milli smiðja heldur geta þeir sem hafa náð tilskildum árangri í ákveðnum bóklegum greinum einnig valið um að stunda bóklegt nám í FAS ef kennslan fer fram á smiðjutímum eða eftir skóla nemenda.
Gerð er krafa um að nemendur sem velja bóklegt val í FAS hafi A meðaleinkunn í vor og lokið námsefni 10. bekkjar sé um grein að ræða sem kennd er á báðum skólastigum.
Ekki verður aukaakstur út af þessu vali í sveitir og þurfa foreldrar sjálfir að sjá um akstur sem af því hlýst.

Smiðjur
Nemendum í 9. og 10. bekk gefst færi á að vera í sex smiðjutímum á viku. Hver smiðja stendur í 8 – 9 vikur og komast nemendur því í fjórar smiðjur yfir veturinn. Í boði er heimilisfræði, leiklist, myndmennt, smíðar, textílmennt, tölvur og Fab-Lab. Hér verða talin upp viðfangsefni í öllum þessum greinum og eru nemendur beðnir að **velja númer 1 það sem þeir vilja helst fara í og svo númer 2 og 3 sem þeir vilja síst fara í. Mikilvægt er að velja fyrir hvert tímabil fyrir sig.**
Reynt er að láta fyrsta val ganga upp hjá öllum en hugsanlega gengur það ekki upp og því er hitt til vara. Það er mikilvægt að nemendur ígrundi val sitt vel og séu reiðubúnir að fara í allt sem þeir velja.
Athugið það má velja sömu smiðjuna oftar en einu sinni.

Leiklist

Söngur og leiklist

Í þessari smiðju er unnið að setja upp söngleik á sviði. Þessi smiðja er tækifæri fyrir þá sem hafa á áhuga á leiklist og fyrir þá sem vilja stíga út fyrir þægindarammann. Þessi smiðja er flott fyrsta skref fyrir þá sem vilja fá aukið öryggi í framkomu, tjáningu og almennum samskiptum.

Frá handrit á svið

Í þessari smiðju verður farið í gegnum vinnuferlið frá handriti á svið. Sett verður upp leikrit fyrir elsta stig grunnskólans. Nemendur þurfa að beita sjálfstæðri hugsun og fá tækifæri til að koma með eigin hugmyndir byggðar á handriti.

Allt í rugli

Í þessari smiðju er sett upp þekkt ævintýri í nýjum búningi. Einnig verður unnið með skapandi leikferli og spuna sem verður notað í ævintýrinu

Skjálftinn

Skjálftinn er hæfileikakeppni ungmenna á Suðurlandi og er byggð á Skrekk sem er hæfileikakeppni ungmenna í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Nemendur fara í í gegnum hugmyndaferli, útfæra hana, æfa og setja á svið með því að sinna öllum þeim hlutverkum sem þarf til að ferlið gangi upp. Kennari er til staðar og er fyrst og fremst að hvetja nemendur áfram í sköpunarferlinu. Markmiðið er skapandi ferli í samvinnu við aðra. Skjálftinn býr til tækifæri fyrir nemendur til að finna og rækta styrkleika sína og flytja list fyrir skólasystkini og jafnaldra af öllu Suðurlandi.

SKJÁLFTINN

– hæfileikakeppni grunnskólanna á Suðurlandi

Myndlist

Mótun - leir, gifs, pappamassi, spartsl og fleira

Mótun er viðfangsefni smiðjunnar. Með allskonar móturnarefni t.d leir, pappamassa og gifsi er hægt að búa til margt skemmtilegt. Auðvelt er að búa til nytjahluti svo sem kertastjaka, skálar og fleira slíkt. Eins er hægt að gera flotta listmuni. Í mótunarsmiðju er hægt að láta sköpunargleðina fara á flug!
Unnið er með jarðleir og gert eitthvað skemmtilegt úr honum. Sumir kunna mikið og aðrir minna og allir fá að njóta sín.
Einnig verður unnið með pappamassa, gifs og annað mótunarefni og verkefni búin til með allskonar skemmtilegum aðferðum.
Nemendur fara með afraksturinn heim að smiðju lokinni.

Jólasmiðja

Í þessari smiðju verður blandað saman vinnu í textíl og myndmennt. Þannig verða tímarnir fjölbreyttir og skemmtilegir.Bæði getur verið um skylduverkefni að ræða og frjálst val.
Tímarnir verða nýttir í að búa til jólaskraut og jólagjafir. T.d. verður hægt að leira skálar, þæfa utan um jólaseríur, búa til dyrakrans/aðventukrans og sauma út jólamyndir, mála málverk, jólakonfektgerð og fleira spennandi sem nemendur geta valið sjálfir.

Margskonar myndlist - frægir listamenn

Þetta er tækifæri fyrir nemendur að fá að skapa sjálfir, vinna út frá eigin hugmyndum að myndverkum. Við vinnum allskonar verkefni og notum allskonar málningu, liti, leir, gifs og allt mögulegt.
Við ætlum að kynnast mörgum frægustu listamönnum heimsins. Nemendur geta einnig haft áhrif á hvaða listamenn við skoðum. Við vinnum svo verkefni sem á einhvern hátt tengjast þessum listamönnum eða gefa okkur innblástur í verkefnin. Þetta verður fjölbreytt og skemmtileg smiðja þar sem þeir sem hafa gaman af að teikna, mála, móta og skoða list fá nóg að gera.

Akrýlmálun

Hér er námskeið þar sem nemendur vinna frjálst að sinni listsköpun. Farið er í grunnatriði í akrýlmálun, skissuvinnu og mismunandi tækni kennd. Við æfum okkur að blanda liti, mála með spöðum og penslum og að vinna frá hinu stóra til hins smáa.
Nemendur fá frjálsar hendur við að vinna með hugmyndir sínar og fá aðstoð þar sem þarf. Gerðar verða æfingar en svo eru málaðar tvær myndir á striga. Að námskeiðinu loknu fara nemendurnir heim með myndir sínar. Nemendur þurfa að koma með striga að heiman eða kaupa hann í skólanum á kostnaðarverði.

Textíl

Útsaumur og þæfing

Farið verður í skemmtileg verkefni í blautþæfingu og þurrþæfingu. Í útsaumi velja nemendur sér verkefni til að vinna með. Í smiðjunni getur bæði verið um að ræða nokkur minni verkefni eða færri stór verkefni.

Jólasmiðja

Í þessari smiðju verður blandað saman vinnu í textíl og myndmennt. Þannig verða tímarnir fjölbreyttir og skemmtilegir. Bæði getur verið um skylduverkefni að ræða og frjálst val.
Tímarnir verða nýttir í að búa til jólaskraut og jólagjafir. T.d. verður hægt að leira skálar, þæfa utan um jólaseríur, búa til dyrakrans/aðventukrans og sauma út jólamyndir, mála málverk, jólakonfektgerð og fleira spennandi sem nemendur geta valið sjálfir.

Vefnaður, hekl og prjón

Í smiðjunni verður rifjaður upp vefnaður og gerð ofin mynd. Farið verður í grunnatriðin í hekli og prjóni og skoðað möguleikana sem það bíður uppá. Nemendur velja hverja af þessum aðferðum þeir vilja vinna meira með. Einnig er hægt að flétta saman aðferðirmar í verkefni.

Saumavélasaumur

Byrjum á að sauma aukahluti eins og til dæmis: snyrtitöskur, fjölnota poka, púða eða aðra smá hluti. Í framhaldi af því geta nemendur saumað einfalda flík, annað hvort á sjálfan sig eða barnafatnað.

Heimilisfræði

Einungis ætlað nemendum í 9. og 10. bekk Þessi valgrein hentar vel þeim sem hafa áhuga á matreiðslu og bakstri og langar til að byggja ofan á þekkingu sína í faginu. Notast verður við uppskriftir úr ýmsum áttum en inn á milli verður matreitt án hefðbundinna uppskrifta. Áhersla verður á hollan og góðan mat en sætar krásir fá að fljóta með annað slagið. Þetta fag krefst góðrar samvinnu nemenda, sjálfstæði hvers og eins og er kjörinn vettvangur til sköpunar.

Smíði

Trésmíði 1

Nemendur smíða hluti bæði eftir tilbúinni verklýsingu og vinnuteikningu og eftir eigin hugmyndum sem þau hanna og smíða frá grunni. Nemendur teikna hugmyndir og vinnuteikningu, gera verkáætlun og velja sjálf efni, samsetningar og yfirborðsmeðferð við hæfi. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

Skartgripagerð.

Hannaðir skartgripir eins og hálsmen, eyrnalokkar og armbönd.
Notast verður við efnivið úr áli og messing ásamt öðru tilfallandi.

Trésmíði 2

Áframhald frá trésmiði 1 en gerðar meiri kröfur um að nemendur komi með sínar eigin teikningar og hugmyndir af verkefnum sem þeir smíða frá grunni. Nemendur teikna hugmyndir og vinnuteikningu, gera verkáætlun og velja sjálf efni, samsetningar og yfirborðsmeðferð við hæfi. Lögð er mikil áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

Gamalt verður nýtt

Í þessari smiðju verður unnið að lagfæringum á gömlu handverki sem farið er að sjá á og gert sem nýtt.

Tölvur - Stuttmyndagerð

Stuttmyndagerð frá handriti að stuttmynd

Í þessari smiðju erum við að vinna fjölbreytt verkefni þar sem við vinnum með kvikmyndaformið og búum til stuttmyndir. Í byrjun gerum við nokkur stutt verkefni þar sem er farið í þætti eins og að huga að því hvernig við búum til mismunandi stemningu með lýsingu og hljóði. Þetta er það sem við munum gera:

·Segja sögu með því að skrifa handrit
·Gera myndhandrit (storyboard) eftir söguhandriti
·Klippa myndbönd
·Leikstýra eigin stuttmynd
·Leika
·Setja hljóð og tónlist inn á myndefni
·Hlaða niður stuttmynd
·Nota mismunandi sjónarhorn í myndatöku
·Búa til kynningarplakat fyrir stuttmynd
·Vinna jafnt sjálfstætt og með öðrum í verkefnum

Stuttmyndir og hönnun

Í þessari smiðju er blandað saman stafrænni myndatöku og hönnun. Unnin verða margvísleg verkefni þar sem verið er að hanna hlut eða hluti og um leið á að búa til stuttmynd um ferlið.
Það verður unnið með ýmis smáforrit, búum til Stop Movie, notum Capcut, iMovie og fleiri forrit. Hér er það áhugasvið nemandans sem fær að njóta sín, við ætlum að vinna með fjölbreytta tækni og mismunandi aðferðir.

Fab -Lab

Fablab 1 – Grunntæki Fablab

Smiðjan byggist á því að nemendur geti nýtt sér helstu tæki og áhöld sem notuð eru í Fab-Lab. Geti þróað hugmyndir sínar sjálfstætt og undir leiðsögn kennara og nýti sér vinnuferlið frá hugmynd til afurðar með því að hanna og teikna og að lokum framleiða sína eigin afurð. Ítarlegar verður farið í alla hluti og nemendur vinna stærri verkefni en í 7. og 8. bekkjar smiðjunni. Ekki er krafa um að nemendur hafi verið áður í Fablab.

Fablab 2 - Þrívíddarhönnun og prentun.

Í þessari smiðju fá nemendur að kynnast forritum sem snúa að þrívíddarhönnun (Fusion 360 og Blender). Afurðirnar geta orðið hlutir sem eru þrívíddarprentaðir, eða grafísk hönnun í formi mynda og myndskeiða (Sjónarhorn í þrívíddarumhverfi, youtube intro, ofl.) Gagnvart þrívíddarprentuðum hlutum læra nemendur hvernig hægt er að vinna með hlutina eftir prentun og geta grunnað, málað og lakkað hlutina sína hafi þeir áhuga á.

Fablab 3 - Rafmagn og róbótar.

Í þessari smiðju fá nemendur að kynnast forritun á Arduino iðntölvum. Þeir læra að tengja iðntölvurnar við Led perur, mótora og skynjara, skoða forritunarumhverfið Arduino IDE og vinna verkefni sem gætu orðið að hugmynd að lokaverkefni 10.bekkjar.

Fablab 4 – Tölvuleikjagerð.

Í þessari smiðju fá nemendur tækifæri til að kynnast og hanna afurðir í forrittunarumhverfum sem notuð eru til að búa til tölvuleiki.
Má þar nefna:
Unreal engine (Fortnite, Rocket league, Valorant, Hogwarts Legacy)
Unity (Cuphead, Among us, Rust, Pokemon Go)
Scratch (slither.io, Flappybird, Geometry dash)

Val fyrir 10. bekk í FAS

ENSKA 1. áfangi - Lestur, hlustun, orðaforði - kennt fyrir áramót
Lestur almennra og sérhæfðra texta sem ekki eru einfaldaðir. Unnið með orðabók þar sem það á við. Aukin áhersla á að nemendur tjái sig frjálst og óbundið. Markvissar hlustunaræfingar. Áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum á öllum færnisviðum. Enskt talmál æft, m.a. í tengslum við les- og hlustunarefni. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, nákvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áfanga.

Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð A í meðaleinkunn við lok 9. bekkjar. Framhaldsáfangi er kenndur eftir áramót. Enskan verður einungis í boði fyrir nemendur ef kennslan fer fram á smiðjutímum eða eftir skóla nemenda.

ÞÝSKA 1. áfangi - Framburður og orðaforði - kennt fyrir áramót
Í upphafi verða kynnt nokkur meginatriði um þýskumælandi lönd (svo sem lega, stærð og íbúafjöldi), helstu samskipti milli þeirra og Íslands (t.d. verslun, ferðamennska og framhaldsnám) og skyldleiki íslensku og þýsku. Síðan er unnið með einfalda texta sem tengjast reynsluheimi nemendanna. Lögð er megináhersla á þjálfun framburðar, uppbyggingu og notkun orðaforða um nánasta umhverfi, munnlega og skriflega tjáningu, hlustun og grunnatriði málfræðinnar sem nauðsynleg eru til að mynda einfaldar aðalsetningar og spurningar.

Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð A í meðaleinkunn við lok 9. bekkjar. Þýskan verður einungis í boði fyrir nemendur ef kennslan fer fram á smiðjutímum eða eftir skóla nemenda. Framhaldsáfangi verður kenndur eftir áramót.

DANSKA 1. áfangi - Skilningur, tjáning, menning II - kennt eftir áramót
Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur geti skilið inntak ritmáls- og talmálstexta sem fjalla um nokkuð sérhæft efni sem þeir þekkja til eða hafa áhuga á. Nemendur eru þjálfaðir í að nota algeng orð og orðasambönd í ræðu og riti. Talþjálfun miðar að því að nemendur læri að orða hugsanir sínar skýrt og skilmerkilega í samtölum og frásögnum. Nemendur eru þjálfaðir í að beita mismunandi stílbrögðum við ritun texta.

Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð A í meðaleinkunn við lok 9. bekkjar. Danskan verður einungis í boði fyrir nemendur ef kennslan fer fram á smiðjutímum eða eftir skóla nemenda.

Ekki verður aukaakstur út af þessu vali í sveitir og þurfa foreldrar sjálfir að sjá um akstur sem af því hlýst.

Valblað í 9 og 10. bekk

Nafn:_____ Bekkur:_____

Smiðjur
Hér á eftir verða talin upp viðfangsefni í smiðjum, alls 23 viðfangsefni. Hver nemandi er beðinn um að velja þrjú viðfangsefni á hverju tímabili sem hann á að merkja númer eitt, númer tvö og númer þrjú.
Reynt er að láta fyrsta val ganga upp hjá öllum en oft gengur það ekki upp og því þarf að hafa hitt til vara. Því er mikilvægt að nemendur vandi valið og séu reiðubúnir að standa við það. Athugið, það má velja sömu greinina á öllum tímabilum t.d. smíðar ef áhugi er á því.

1.tímabil ágúst – október

( )Heimilisfræði
( ) Skjálfti
( ) Mótun leir gifs , pappamassi, spartsl
( ) Útsaumur og þæfing
( ) Trésmíði 1
( ) Fab Lab 1
( ) Tölvur - Stuttmyndagerð

2.tímabil október – desember

( )Heimilisfræði
( ) Söngur og leiklist
( ) Jólasmiðja
( ) Skartgripagerð
( ) Fab-lab 2
( ) Stuttmyndir og hönnun

3. tímabil janúar – mars

( ) Heimilisfræði
( ) Frá handriti á svið
( ) Margskonar myndli.- frægir listam.
( ) Trésmíði 2
( ) Vefnaður hekl og prjón
( ) Fab-lab 3

4. tímabil mars – júní

( ) Heimilisfræði
( ) Allt í rugli
( ) Stuttmyndagerð - leikræn tjáning
( ) Akrýlmálun
( ) Gamalt verður nýtt
( ) Saumavélasaumur
( ) Fab-lab 4

Val fyrir 10. bekk í FAS

( ) Enska 1. áfngi
( ) Danska 1. áfangi
( ) Þýska 1. Áfangi

Athugið: Við skólasetningu verður nemendum gefinn kostur á að sjá í hvaða smiðju þeir hafa lent. Þyki þeim eitthvað athugavert við það þá mega þeir koma með foreldrum sínum og ræða breytingar.
Eftir það verður ekki hægt að breyta.
Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló

Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 30. maí 2024